

ÚTHAFSKARFI, EFRI STOFN – SHALLOW PELAGIC BEAKED REDFISH *Sebastes mentella*

RÁÐGJÖF – ADVICE


Alþjóðahafrannsóknaráðið ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að ekki skuli stunda beinar veiðar úr efri stofni úthafskarfa árin 2022, 2023 og 2024.

ICES advises that when the precautionary approach is applied, no directed fishery should be conducted in each of the years 2022, 2023 and 2024.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Alþjóðahafrannsóknaráðið getur ekki metið stöðu stofnsins og veiðiálag m.t.t. aðgerðarmarka hámarksafkasturs (MSY) og varúðarnálgunar (PA) þar sem viðmiðunarmörk hafa ekki verið skilgreind. Stofninn er þó talinn fyrir neðan möguleg viðmiðunarmörk.

ICES cannot assess the stock and exploitation status relative to the maximum sustainable yield (MSY) and precautionary approach (PA) reference points, because the reference points are undefined, however, the stock is considered to be below any potential reference points.



Úthafskarfi, efri stofn. Afli og lífmassavísitala metin með bergmálmælingum úr alþjóðlegum karfaleiðangri í Grænlandshafi.

Shallow pelagic beaked redfish: Catches and biomass index from the acoustic redfish survey in the Irminger Sea and adjacent waters.

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Byggt á tímaháðum breytingum í stofnmælingum <i>Trends in biomass indicators</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Afli og vísitölur úr alþjóðlegum karfaleiðangri <i>Commercial catches (international landings), survey indices from the International Trawl and Acoustic Survey</i>

Engin viðmiðunarmörk hafa verið skilgreind fyrir efri stofn úthafskarfa.

No reference points are defined for this stock.

HORFUR – PROSPECTS

Samkvæmt vísitölu stofnstærðar árið 2021 hefur stofninn stækkað umtalsvert frá árinu 2013, þegar mjög lítið mældist, og er mælingin árið 2021 sú hæsta frá árinu 2005. Engar upplýsingar eru um veiðalag og viðmiðunarmörk hafa ekki verið skilgreind fyrir stofninn. Metin stofnstærð árið 2021 er um 20% af því sem var á öndverðum níunda áratug síðustu aldar og er því talin vera undir mögulegum viðmiðunarmörkum. Vegna þessa ráðleggur Alþjóðahafrannsóknaráðið í samræmi við varúðarsjónarmið að ekki skuli stunda beinar veiðar úr efri stofni úthafskarfa árin 2022, 2023 og 2024.

Based on the survey index in 2021, the stock has increased from a near zero level from 2013 and is now at the highest level since 2005. There is no information on exploitation rates. No reference points are defined for this stock. The estimated stock size in 2021 is about 20% of the maximum stock size observed in the early 1990s and it is considered to be below possible reference points for this stock. Based on these considerations ICES advises that when the precautionary approach is applied, there should be zero catch in each of the years 2022, 2023 and 2024.

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF ASSESSMENT

Stofnstærð efri stofns úthafskarfa var mæld með bergmálmælingum árið 2021 og er þetta fyrsta mæling á stofninum síðan árið 2013. Í leiðöngrunum 2015 og 2018 reyndist ekki mögulegt að fara yfir útbreiðslusvæði stofnsins. Tíðni úthafskarfaleiðangra, sem eru framkvæmdir af Íslandi, Rússlandi og Þýskalandi, hefur verið breytileg frá árinu 1991 og hefur leiðangurinn verið framkvæmdur þriðja hvert ár frá árinu 2015. Mat á vísitölum virðist vera viðkvæmt fyrir tímasetningu leiðangra vegna farhegðunar stofnsins. Leiðangurinn í ár var til að mynda þremur vikum lengri en vanalega.

Bergmálmælingin er mat á heildarstofnstærð, en þar sem hún er viðkvæm fyrir ýmsum forsendum er mælingin notuð sem vísitala.

The 2021 survey index is the first one with adequate coverage of the main stock distribution since 2013 (Table 2). Most of the geographical distribution of the shallow pelagic beaked redfish stock was not covered by surveys in 2015 and 2018. The frequency of the survey conducted by Germany, Iceland, and the Russian Federation has been variable over the time series ranging from yearly to triennial surveys (from 2015 onwards) (Table 9). Survey index estimates also appear sensitive to the timing of the survey due to the migratory patterns of this stock. This year's survey extended beyond from the normal timing of the survey.

The acoustic survey provides an estimate of absolute biomass; however, this is sensitive to several assumptions and is used as a relative index.

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndin (NEAFC), sem fer með stjórnun veiðanna, hefur frá árinu 2011 lagt til að engin veiði yrði úr efri stofni úthafskarfa þar sem ástand stofnsins er talið mjög slæmt. Rússar mótmæltu samkomulaginu og settu sér einhliða aflamark sem nær til beggja stofna úthafskarfa. Nær aflamarkið bæði til efri og neðri stofns úthafskarfa þar sem þeir telja að um einn stofn sé að ræða. Frá árinu 2011 hefur afli verið umtalsvert umfram ráðgjöf.

Stofnmatið byggir á niðurstöðum bergmálmælinga úr alþjóðlegum úthafskarfalaeiðangri í Grænlandshafi. Næsti leiðangur er áætlaður árið 2024.

Shallow pelagic beaked redfish is managed by North-East Atlantic Fisheries Commission (NEAFC) but ICES is the advisory body. NEAFC has since 2011 recommended that no fishery should be conducted because of poor state of the stock. The Russian Federation objected this agreement and has decided on a unilateral quota since 2011 that considered both redfish management units (shallow and deep pelagic beaked redfish) as a single stock. Catches of shallow pelagic beaked redfish have for this reason exceeded recommended TAC significantly.

The current assessment relies on survey information. The next survey is planned to be in 2024.

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – *ADVICE, TAC AND CATCH*

Úthafskarfi, efri stofn. Tillögur Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um hámarksafla, heildaraflamark íslenskra skípa samkvæmt ákvörðun stjórnvalda og afli (þús. tonn).

Shallow pelagic beaked redfish. TAC recommended by ICES, national TAC, and landings (thous. tonnes).

Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Aflamark fyrir Ísland National TAC	Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others)	Heildarafli Total landings
2010	Engin bein sókn	0	22	2 176	2 198
2011	Engin bein sókn	0	72	162	234
2012	Engin bein sókn	0	28	3 145	3 173
2013	Engin bein sókn	0	72	1 457	1 529
2014	Engin bein sókn	0	355	6 068	6 423
2015	Engin bein sókn	0	161	5 434	5 595
2016	Engin bein sókn	0	235	1 732	1 967
2017	Engin bein sókn	0	91	10	101
2018	Engin bein sókn	0	0	4 599	4 599
2019	Engin ráðgjöf veitt	0	0	3 184	3 184
2020	Engin bein sókn	0	0	6 152	6 152
2021	Engin bein sókn	0			
2022	Engin bein sókn	0			
2023	Engin bein sókn	0			
2024	Engin bein sókn	0			

HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – *REFERENCES AND FURTHER READING*

ICES. 2021b. Northwestern Working Group (NWWG). ICES Scientific Reports, 3:52. 556 pp. <https://doi.org/10.17895/ices.pub.8186>.